



# Kennsluáætlun

Samfélagsfræði, haustönn 2018

## 10.bekkur

**Kennari: Þóra Margrét Birgisdóttir**

„Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.195).

Markmið vetrarins er að kenna nemendum sjálfstæð og lýðræðisleg vinnubrögð ásamt því að efla frelsi þeirra sem einstaklinga í úrlausnum verkefna. Með takmarkaðri stýringu á úrlausnum verkefnanna, fá nemendur tækifæri til þess að nýta sköpunarkraft sinn og nýta sér styrkleika sína. Að efla læsi nemenda gegnir miklu lykilhlutverki í kennslunni, enda nýtist sú hæfni nemendum um ókomna framtíð og því mikilvægt að skólakerfið leggi sín lóð á vogarskálarnar í þeirri stefnu menntamálayfirvalda að efla læsi í landinu. Einnig er hugað að undirbúningi fyrir framhaldsnám, þar sem læsi og sjálfstæði í vinnubrögðum gegnir lykilhlutverkum.

### Lykilhæfni

Hæfniviðmiðum samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Reynsluheimur: Að auka skilning nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu.

Hugarheimur: Að þjálfra hæfni nemenda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum og styrkja um leið sjálfsmynd sína.

Félagsheimur: Að auka hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

### Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

### Námsefni

Á ferð um samfélagið

### Námsmat:

Símat (þátttaka í tímum, verkefnavinna, verkefnaskil)

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
<p><b>30.ágúst – 21.sept</b> <b>Lota 1</b></p>	<p><b>Að nemendur:</b> -meti upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi -rökrætt mikilvæg hugtök -greint og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og myndum -rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags -sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf.</p>	<p><b>Hvað er samfélag</b></p>	<p><b>Hugtakabók</b> -helstu hugtök kaflans</p> <p><b>Safnmappa</b> Finndu svar bls 20 sp; 2,3,4</p> <p><b>Kynning</b> Viðfangsefni bls 20 sp 9 (teymisverkefni)</p> <p><b>Heimildavinna</b> Sp 16, bls 20</p> <p><b>Umræður</b></p>
<p><b>22.sept – 8.okt</b> <b>Lota 2</b></p>	<p><b>Að nemendur:</b> -útskýrt margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi hvers einstaklings. -fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni - rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu - útskýrt gildi reglna í samskiptum manna</p>	<p><b>Sinn er siður</b></p>	<p><b>Hugtakabók</b> -helstu hugtök kaflans</p> <p><b>Safnmappa</b> Finndu svar bls 34 sp; 2,3</p> <p><b>Umræður</b> Hópverkefni – sp 4-6 (bls 34)</p>
<p><b>9.okt – 6.nóv</b> <b>Lota 3</b></p>	<p><b>Að nemendur:</b> -hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfmynd hans mótast. -útskýrt gildi reglna í samskiptum manna -</p>	<p><b>Félagsmótun</b></p>	<p><b>Hugtakabók</b> -helstu hugtök kaflans</p> <p><b>Safnmappa</b> Finndu svar bls 48 sp; 2-7</p> <p><b>Kynning</b> <b>bls 49, sp 14</b></p> <p><b>Hópverkefni</b> bls 49, sp 8-13</p>

<p><b>7.nóv – 26.nóv</b> <b>Lota 4</b></p>	<p><b>Að nemendur:</b> -gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið</p>	<p><b>Menning og samfélag</b></p>	<p><b>Hugtakabók</b> -helstu hugtök kaflans</p> <p><b>Safnmappa</b> Finndu svar bls 64 sp 2, 3, 4, 5</p> <p><b>Kynning</b> Val verkefn sp 7, 8, 9, 10, 11</p> <p><b>Umræður</b></p>
<p><b>27.nóv – 13.des</b> <b>4.-18.jan</b> <b>Lota 5</b></p>	<p>-gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna -beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk -vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda</p>	<p><b>Fjölskyldan / Gaman saman</b></p>	<p><b>Hugtakabók</b> -helstu hugtök kaflans</p> <p><b>Safnmappa</b> Finndu svar bls 78 sp 2, 3, 4, 5,6 Finndu svar bls 96 sp, 2, 3, 4, 5, 6, 7</p> <p><b>Kynning (Gaman saman)</b> Tónlistartextar og tónlistarmyndbönd</p> <p><b>Umræður</b></p>